# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, fimmtudaginn 19. desember kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 756. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hulda Einarsdóttir, Birkir Ingibjartsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Stýrimannastígur 9,** *Ný forstofa* (01.135.308) Mál nr. BN057053 Skjalnr. 11181

Ragna Árnadóttir, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík
Magnús Jón Björnsson, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja nýja forstofu á undirstöðum núverandi trappna við aðalinngang auk þess að gera þar nýjar tröppur, breyta kjallaratröppum og setja þakglugga yfir stiga á 2. hæð húss nr. 9 við Stýrimannastíg, samkvæmt uppdr. ARGOS ehf. dags. 10. desember 2019.
Erindi fylgir hæðablað dags. maí 2008, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. nóvember 2019 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 7. nóvember 2019. Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Vesturgata 2,** *Byggja útigeymslu* (01.140.002) Mál nr. BN057063 Skjalnr. 7502

660312-1100 Fjélagið - eignarhaldsfélag hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka útigeymslu 0102 og byggja nýtt sorpskýli, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturgötu, samkvæmt uppdr. Andrúm arkitekta ehf. dags. 5. október 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 1.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Völvufell 7A,** *Breytingar á dagheimili í vistheimili* (04.683.202) Mál nr. BN057061 Skjalnr. 13855

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun hússins úr dagheimili í vistheimili á lóð nr. 7a við Völvufell, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 9. desember 2019.
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna, útgáfa 001-V03, dags. 22. nóvember 2019. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Laugavegur 61-63,** *breyting á deiliskipulagi* (01.173.0) Mál nr. SN190480

Skjalnr. 6473

691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
Lilja Gunnarsdóttir, Laugavegur 63, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 19 ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 61-63 við Laugaveg. í breytingunni felst að heimilt er að gera þaksvalir á risíbúð hússins að Laugavegi 63, samkvæmt uppdrætti Kurt og pí ehf. dags. 19. apríl 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki meðlóðarhafa dags. 13. apríl 2019 og 23. september 2019, mótt. 1. nóvember 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 18. nóvember 2019 til og með 16. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

5. **Egilsgata 14,** *Bílskúr og breyta innra fyrirkomulagi* (01.195.003) Mál nr. BN055057 Skjalnr. 14003

510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lítillega fyrirkomulagi í kjallara og breyta ósamþykktri íbúð í samþykkta íbúð, breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar og byggja einfaldan steinsteyptan bílskúr vestan megin við hús á lóð nr. 14 við Egilsgötu, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 12. september 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. desember 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. desember 2018 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Egilsgötu 12 og 16 Leifsgötu 7 og 9 frá 2. nóvember 2018 til og með 30. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust. Stærð: 34,8 ferm., 112,1rúmm. Gjald kr. 11.000
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. desember 2109.*

6. **Borgartún 24,** *breyting á deiliskipulagi* (01.221.1) Mál nr. SN190382 Skjalnr. 5145

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
650908-0310 EE Development ehf., Borgartúni 24, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún. Í breytingunni felst í megin atriðum að heimilt verður niðurrif eldri frambyggingar á lóðinni og stækkun bílakjallara undir henni. Bundið er að nýbyggingin leggist í sömu línu að Borgartúni og sé hornskorin á horni Borgar- og Nóatúns á 1. og 2. hæð, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 12. júní 2019, breytt 16. ágúst 2019. Einnig er lagt fram bréf Aðalsteins Steinþórssonar, Birnu Stefnisdóttur, Geirs Sigurðssonar og Matthildar Skúladóttur dags. 27. ágúst 2019. Tillagan var auglýst frá 2. október 2019 til og með 13. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 10 íbúar og eigendur að Mánatúni 13, 15 og 17 dags. 11. nóvember 2019, Gunnar A. Óskarsson arkitekt f.h. Smith & Norland hf. dags. 13. nóvember 2019 og Páll V. Bjarnason f.h. Regins atvinuhúsnæðis ehf. dags. 13. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

7. **Grjótháls 1-3,** *breyting á deiliskipulagi* (04.302.4) Mál nr. SN190598 Skjalnr. 6374

590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst í megin atriðum stækkun á byggingarreit ofanjarðar um fjóra metra til suðurs, ásamt hækkun hæðar húss innan hans um 1,5 m og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0.7 í 0.95, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grjóthálsi 5, Fosshálsi 1, 3, 5-11, Járnhálsi 2-4 og Hesthálsi 2-4.*

*Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram skv. 7.6. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

8. **Hólmgarður 34,** *breyting á skilmálum deiliskipulags* (01.818.3) Mál nr. SN190614 Skjalnr. 8230

620188-1589 Jakobssynir ehf., Glaðheimum 26, 104 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 16. október 2019 ásamt greinargerð dags. 8. október 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Bústaðahverfis vegna lóðarinnar nr. 34 við Hólmgarð. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 8-10 í 13 íbúðir og að a.m.k. 70% af jarðhæð verði fyrir hverfistengda starfsemi, samkvæmt tillögu PKdM Arkitekta ehf. dags. 29. október 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 18. nóvember til og með 16. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Esther Sigurðardóttir dags. 22. nóvember 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Hlíðargerði 22,** *Sótt um leyfi til að byggja garðskála við einb.hús.* (01.815.405) Mál nr. BN056826 Skjalnr. 9794

Finnur Eyjólfur Eiríksson, Hlíðargerði 22, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja garðskála við einbýlishús á lóð nr. 22 við Hlíðargerði. Erindi var grenndarkynnt frá 18. nóvember 2019 til og með 16. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun: 15.4 ferm, 42.3 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

10. **Þingvað 37-59,** *(fsp) nr. 43 - breyting á notkun bílskúrs* (04.791.4) Mál nr. SN190669 Skjalnr. 11332

Guðmundur Óli Helgason, Þingvað 43, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Óla Helgasonar dags. 29. nóvember 2019 um breytingu á notkun bílskúrs að Þingvaði 43, lóð nr. 37-43 við Þingvað, og setja glugga í stað bílskúrshurðar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019 samþykkt.*

11. **Glæsibær 20,** *Byggja sólstofu* (04.351.508) Mál nr. BN056325 Skjalnr. 12116

Ingvar Berndsen, Glæsibær 20, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við vesturhlið íbúðahúss og breyta bílskúr í stúdíóíbúð og geymslu á lóð nr. 20 við Glæsibæ, samkvæmt uppdr. Akkur Arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir mæliblað 4.351.5 fyrst útgefið 19. september 1964. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019 samþykkt.*

12. **Flugvallarvegur 5, Bílaleiga Flugleiða,** *staðsetning ökutækjaleigu* (01.619.6) Mál nr. SN190711 Skjalnr. 8412

540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 28. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sigfúsar Bjarna Sigfússonar f.h. Bílaleigu Flugleiða (Hertz) um að reka ökutækjaleigu að Flugvallarvegi 5. Sótt er um leyfi fyrir 1005 ökutækjum í útleigu. Um er að ræða endurnýjun á leyfi , gildistími eldra leyfis: 16. janúar 2015 til 16. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2019 samþykkt.*

13. **Gil,** *Nýbygging* (00.078.001) Mál nr. BN057054 Skjalnr. 10239

600667-0179 Stjörnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að reisa byggingu og tengigang á milli hennar og mhl.02, sem verður mhl.03, á reit B á lóðinni Gil 25763 á Kjalarnesi, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu dags. 9. desember 2019.
Stærð nýbyggingar með tengigangi er: 1.848,9 ferm., 10.023,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

14. **Gufunes, Skemmtigarður,** *breyting á deiliskipulagi* (02.2) Mál nr. SN190311 Skjalnr. 7808

650602-4470 Skemmtigarðurinn ehf., Engihjalla 8, 200 Kópavogur
581298-2269 Landark ehf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2019 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar fyrr en lagfærð gögn ásamt nánari skýringum/rökstuðningur hefur borist stofnuninni. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt uppdr. Eflu dags. 20. maí 2019 br. 10. desember 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2019.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

15. **Kjalarnes, Nesvík,** *skipulagslýsing* Mál nr. SN190734 Skjalnr. 10177

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. desember 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. 9. desember 2019 vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi sem felst í uppbyggingu allt að 100 herbergja hótels auk 12 stakstæðra húsa sem leigð verða út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

16. **Saltvík,** *Nýbygging* (00.064.000) Mál nr. BN057055
Skjalnr. 10151

600667-0179 Stjörnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að reisa byggingu og tengigang á milli hennar og mhl. 16, sem verður mhl.17, á reit E, á lóðinni Saltvík 125744 á Kjalarnesi, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf. dags. 9. desember 2019.
Stærð nýbyggingar með tengibyggingu er: 4.885,8 ferm., 29.060,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

17. **Saltvík,** *Mhl.15 - stækkun-dreifistöð fyrir rafmagn, og stækkun vegna gasgeymslu sbr. BN055146* (00.064.000) Mál nr. BN057044
Skjalnr. 10151

600667-0179 Stjörnugrís hf., Vallá, 116 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055146, koma fyrir dreifistöð á norðurhlið og gasgeymslu á suðurhlið húss, mhl. 15, á reit B á lóðinni Saltvík 125744 á Kjalarnesi, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf. dags. 4. desember 2019.
Stærðir vegna dreifistöð og gasgeymslu er: 20,7 ferm., 85,2 rúmm. Stærð gasgeymslu er: XX ferm., og rúmm. Gjald kr. 11.200
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

18. **Tunguháls 6,** *(fsp) breikkun innkeyrslu* (04.342.1) Mál nr. SN190733
Skjalnr. 8857

611200-2770 Ó.Johnson & Kaaber ehf., Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík
080657-7819 Gunnlaugur Johnson, Reykjaland Árbót, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Johnson dags. 10. desember 2019 um að auka breidd á innkeyrslu á lóð nr. 6 við Tunguháls fyrir vöruflutningabíla, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Johnson dags. 11. desember 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Vesturlandsvegur/Lambhagavegur,** *(fsp) auglýsingaskilti* (04.301.2) Mál nr. SN190724
Skjalnr. 6412

Ástþór Sindri Eiríksson, Arnartangi 72, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Ástþórs Sindra Eiríkssonar dags. 4. desember 2019 um að setja auglýsingaskilti við hringtorg sem staðsett er við Vesturlandsveg og Lambhagaveg. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2019.*

20. **Gefjunarbrunnur 18,** *Tvíbýlishús* (02.695.408) Mál nr. BN056966
Skjalnr. 14218

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 18 við Gefjunarbrunn, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu dags. 22. september 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
Erindi fylgir mæliblað 2.695.4 endurútgefið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4- B3 dags. september 2009. Stærðir: A- rými: 239.6 ferm., 815,2 rúmm. B- rými: 30.0 ferm., 89.4 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 0.94. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.*

21. **Sifjarbrunnur 28,** *Einbýlishús* (05.055.403) Mál nr. BN056951
Skjalnr.

Halldór Geir Halldórsson, Veghús 31, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á lóð nr. 28 við Sifjarbrunn, samkvæmt uppfærðum uppdráttum Teiknistofu A.V.J. dags. 26. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
Stærð: 242.3 ferm., 805.2 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.055.4 endurútgefið 21. mars 2018 og hæðablað 5.055.4 - B3 dags. mai 2018. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019*

22. **Urðarbrunnur 34,** *Einbýlishús* (05.054.605) Mál nr. BN057010
Skjalnr. 14219

Páll Þór Vilhelmsson, Hólavað 11, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 34 við Urðarbrunn, samkvæmt uppdr. Eyjólfs Valgarðssonar dags. 10. desember 2019.
Erindi fylgir mæliblað 5.054.6 útgefið 29. ágúst 2018, hæðablað 5.054.6 - B3 og A4 afrit af skráningartöflu dags. 23. nóvember 2019. Stærðir: 331.1 ferm., 1.294.1 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Efstasund 37,** *(fsp) bílskúr* (01.357.1) Mál nr. SN190691
Skjalnr. 10854

Bjarni Már Ólafsson, Efstasund 37, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Bjarna Más Ólafssonar dags. 19. nóvember 2019 um að setja bílskúr á lóð nr. 37 við Efstasund. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019 samþykkt.*

24. **Norðurstígur 3,** *Hækka hús - endurnýjun á byggingarleyfi BN053130* (01.132.016) Mál nr. BN057007
Skjalnr. 7802

611211-1390 M3 Capital ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhús og fjölga eignum um tvær íbúðir í húsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 19. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019.
Sambærilegt erindi BN053130 var samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017. Erindi fylgir afrit af deiliskipulagi ásamt tilheyrandi skuggavarpi fyrir Norðurstígsreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og minnkað afrit teikningum samþykktum á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og afrit af afsali vegna eigendaskipta dags. 29. nóvember 2019. Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2019 samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:35.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir    Helena Stefánsdóttir